

**Nd.**

**746. Breytingartillögur**

[7. mál]

við frv. til l. um sameiningu sveitarfélaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga greiða fyrir því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir sameiningunni.

2. Við 2. gr. a-liður greinarinnar falli niður.

3. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frv. til l. um aðstoð félagsmálaráðuneytisins, þegar sameining sveitarfélaga hefur verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum.